

Lesið fyrir hund

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



Nafn félagsmiðstöðvar: Félagsmiðstöðin Selið

Nafn skóla: Grunnskóli Seltjarnarness

Nafn verkefnisstjóra: Margrét Sigurðardóttir og Sjöfn Þráinsdóttir

Númer umsóknar UMS-95

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn:

Markmiðið er að liðsinna börnum með lestrarerfiðleika, til dæmis fjöltyngdum börnum og lesblindum.

Markmiðið er að auka lestrarhraða og lesskilning auk þess að efla sjálfstraust barnanna og jákvætt viðhorf til yndislesturs. Þátttakendur í verkefninu verða nemendur í 3. og 4. bekk sem þurfa á sérkennsluúrræði að halda. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hundar og sjálfboðaliðar nýtast vel við lestrarþjálfun vegna þess að:

- Hundur gagnrýnir ekki, leiðréttir ekki og hlær ekki þótt upplestur sé ófullkominn.
- Hundur hjálpar barni að slaka á og lesið er utan skóla, í hlýlegu umhverfi.
- Sjálfboðaliði er vinur, ekki kennari.
- Lestrarstund með hundi er ánægjuleg tilbreyting frá hefðbundnum kennslustundum.
- Barn er ekki "í enn einni sérkennslunni" heldur í hlutverki þess sem kynnir innihald bókar.

(Intermountain therapy animals, e.d.-b). Börn lesa fyrir hunda (e. R.E.A.D): Lesið fyrir hund er verkefni sem á rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna en þar hefur verkefnið verið starfrækt frá árinu 1999 í skólum og á bókasöfnum. Bandarísku samtökin sem halda utan um verkefnið heita R.E.A.D. en sú skammstöfun stendur fyrir The Reading Education Assistance Dogs. Í samtökunum starfa um 3500 sjálfboðaliðar fyrir samtökin víða um heim (Intermountain therapy animals, e.d.-a). Áhersla er lögð á markvissan undirbúning og fræðslu fyrir sjálfboðaliðana sem mæta með hundana sína. Sérfræðingur í atferli hunda tekur einnig út alla hunda og gætir að því að hundarnir henti verkefninu.

Leiðir sem voru valdar til að ná markmiði:

Nemendum í 4. bekk Grunnskóla Seltjarnarness sem áttu við lestrarerfiðleika eða lestarleiða að etja var boðið að taka þátt í 12 vikna lestrarverkefni. Verkefnið var þannig uppbyggt að börnin mættu einu sinni í viku (40 mínútur í senn) í félagsmiðstöðina Selið og hittu þar leiðbeinanda/hundaeiganda sem var með sérvalinn hund. Börnin lásu fyrir hundinn og leiðbeinandann.

Leiðbeinendurnir voru allt sjálfboðaliðar. Áður en verkefnið hófst fengu þeir upplýsingar og kennslu um aðferðarfræði verkefnisins „Lesið fyrir hund“ og hvernig ætti að bera sig að í lestrarstund, skrifuðu undir trúnaðarskjöl og skiluðu inn sakavottorði. Hundar voru búnir að fara í gegnum hundamatspróf hjá félaginu Vigdís - Vinir gæludýra á Íslandi.

Framkvæmd lestrarstunda var þannig háttað:

- Margrét Sigurðardóttir tók á móti leiðbeinendum/ sjálfboðaliðum og hundum sem komu alltaf á undan börnum í félagsmiðstöðina Selið.
- Börnin komu í fylgd Sjafnar Þráinsdóttur sérkennslukennara frá skólanum og hún sótti börnin aftur að lestrarstundum loknum.
- Börnin áttu sinn fasta lestrarstað í Selinu og lásu fyrir „sinn“ hund, alltaf sama hundinn.
- Lestrartíminn byrjaði í ca 5-10 mín. Lengdist með hverju skipti og var miðað við að lesa í að minnsta kosti 15-20 mín. undir lokin.
- Bækur sem börnin lásu völdu þau sjálf af bókasafni í samráði vð Sjöfn sérkennslukennara.
- Börnin enduðu lestrarstundir á endursögn og fóru stundum út að viðra hundana í lokin.
- Sjálfboðaliðar fylltu út matsblöð að lestrarstundum loknum.

Aðferðarfræði lestrarstunda er í meginatriðum sú að leiðbeinandi truflar ekki lestrarflæði hjá barninu með því að stoppa og leiðréttu í hvert sinn sem að barn les orð vitlaust heldur leyfir

barninu að halda áfram lestrinum. Leiðbeinandi grípur aftur á móti tækifæri og spyr út í orð sem vænta mátti að barn skilji ekki.

Dæmi: „Leiðbeinandi: Ég held að Snati skilji ekki orðið hyldýpi, getur þú útskýrt það fyrir Snata? Barn: já en ég skil það ekki heldur. Leiðbeinandi: Eigum við þá ekki að útskýra orðið fyrir Snata.

Eins var sama aðferð notuð þegar barnið var beðið um að endursegja í stuttu máli fyrir hundinn hvað það hafði verið að lesa.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Í stað þess að hafa verkefnið ætlað nemendum í 3. og 4. bekk þá framkvæmdum við verkefnið með nemendum í 4. og 5. bekk. Kom þessi breyting meðal annars til vegna þess að við höfðum prófað að vera með nemendur úr 3. bekk á vorönn 2014 í verkefninu „Lesið fyrir hund“ og vildum núna sjá hvaða áhrif þátttaka í verkefninu hefði fyrir nemendur í 4. og 5. bekk þar sem þörf á inngripi í þessum aldursflokkum var til staðar samkvæmt lestrarprófun og þörfum á lestrarhvatningu.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Það gekk vel að fá vandaða leiðbeinendur/sjálfbóðaliða (hundaeigendur) og hunda sem voru tilbúnir að skuldbinda sig í verkefnið og féll ekki út einn einasti tími hjá leiðbeinendum allan veturinn. En það sem við sjáum að gæti verið hindrun í að útvíkka verkefnið í aðra skóla og bæjarhluta er að fá fjármagn og fleiri leiðbeinendur/sjálfbóðaliða (hundaeigendur) til að skuldbinda sig verkefninu. Skuldbindingin er mikil hjá hundaeigendum og þeir eru lykilmálverk í verkefninu. Vanda þarf til verks við útvíkkun verkefnisins og hefur félagið Vigdís-Vinir gæludýra á Íslandi sem er samstarfsaðili við R.E.A.D verkefnið í Ameríku veg og vanda af þeirri framþróun.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Nemendum þótti spennandi og skemmtilegt að taka þátt í verkefninu. Þeir náðu vel að tengjast hundunum „sínnum“ og leiðbeinanda.


Eins og áður hefur komið fram þá voru það börn með lestrarörðugleika, lestrarleiða eða námsleiða sem boðin var þátttaka. Sextán börn voru valin til þátttöku í verkefnið, fjórtán börn úr 4. bekk og tvö börn úr 5 bekk. Jákvætt andrúmsloft og gleði fylgdi verkefninu og ekkert barn missti áhuga eða vildi hætta. Eftir að verkefninu lauk voru þau spurð hvernig þeim hafi líkað, fannst þeim öllum gaman og vildu þau taka þátt aftur. Samnemendum fannst eftirsóknarvert að fá að lesa fyrir hund og hefðu viljað fá að taka þátt ef það hefði verið í boði.

Það er samdóma álit, verkefnastjóra, leiðbeinenda, foreldra og kennara að aðferðarfræðin í verkefninu „Lesið fyrir hund“ er góð viðbót inn í skólastarf til að styðja við og efla lestrarkennslu.


Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Niðurstöður verkefnisins voru metnar út frá lestrarferlum barna (lestrarprófun) og matsblöðum sem leiðbeinendur fylltu út eftir hverja lestrarstund. Fjórtán börnum af sextán fór fram í lestri meðan á verkefninu stóð og sumum hverjum fór mikið fram á þessu tímabili, sjá dæmi á töflu 1 og 2. Á matsblöðum kom m.a fram að börnin höfðu áhuga á að lesa, sjá töflu 3 og 4. Að meðaltali voru þau að lesa í 16-25 mínútur í lestrarstund. Leiðbeinendum töluðu um að ef barn var ekki truflað við lestur með því að stoppa það og leiðrétt vitlaust lesin orð þá fór barnið sjálfst að leiðrétt sig þegar það var þess vart að samhengi passaði ekki. Samkvæmt matsblöðum virtust flest börnin hafa frekar góðan skilning á texta sem þau lásu, það kom fram í endursögn þeirra í lok lestrarstundar.


Tafla 1. Lestrarferill barns sem tók þátt í „Lesið fyrir hund“ verkefni á haustönn 2014




Tafla 2. Lestrarferill barns sem tók þátt í „Lesið fyrir hund“ verkefni á vorönn 2015.



Tafla 1. Lestur barna haustönn 2014



Tafla 2. Lestur barna á vorönn 2015



Niðurstöður verkefnisins:

Helstu niðurstöður eru þessar:

- Börnunum fannst gaman að koma og virtust hafa ánægju af því að lesa fyrir hunda. Þau sýndu þeim myndirnar í bókunum og fleira.
- Hundar sýndu þau viðbrögð að þeir virtust þekkja staðinn og börnin.
- Hundar voru ísbrjótar í samskiptum barna og sjálfboðaliða.
- Leiðbeinendur/ sjálfboðaliðar gegna lykilstöðu í framkvæmd verkefnisins.
- Leiðbeinandinn/ sjálfboðaliðinn er virkur hlustandi sem m.a. útskýrir orð og hvetur til endursagnar á jákvæðan hátt. „Heldur þú að Snati (hundur) hafi skilið orðið „Hugljómun” eigum við ekki að útskýra það fyrir honum?“
- Lestrarferill barnanna sýndi jákvæða þróun meðan á verkefninu stóð.
- Samkvæmt mati kennara hafði verkefnið hvetjandi áhrif á börnin.
- Lestraraðstæður eru sveigjanlegar og gefa barninu meira frjálsræði og íhlutun í kennslunni.

Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Niðurstöður verkefnisins „Lesið fyrir hund“ sýna ótvítrætt að markmið náðust. Samkvæmt matsblöðum og prófunum jókst lestrarfærni og áhugi barna á lestri meðan á þátttöku í verkefninu stóð. Samstarf og framkvæmd verkefnisins tókst afar vel og viðhorf til verkefnisins var mjög jákvætt. Mikill vilji er hjá félagsmiðstöðinni Selinu og Grunnsskóla Seltjarnarness að halda verkefninu áfram. Verið er að skoða möguleikann á að útvíkka verkefnið og koma því inn í fleiri skóla landsins í samstarfi við félagið Vigdís-Vinir gæludýra á Íslandi. Einnig er nú leita eftir fjármagni til að halda verkefninu áfram.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Verkefnið og niðurstöður hafa þegar verið kynnt foreldrum, leiðbeinendum og sérkennslukennurum. Stendur til að kynna kennsluáðferðina og niðurstöður í „Lesið fyrir hund“ verkefninu fyrir fleiri kennara og skólafólk á haustönn 2015.

Heimildaskrá:

Intermountain therapy animals. (e.d. -a). R.E.A.D. Sótt 10. október 2013 af http://www.therapyanimals.org/Read_Team_Steps.html Intermountain

Therapy animals (e.d.-b). Reading education assistance dogs. Sótt 10. október 2013 af http://www.therapyanimals.org/Read_Team_Steps_files/R.E.A.D.%20Brochure.pdf.